

Fundur stjórnar Félags um menntarannsóknir var haldinn 24. september 2019.

Mætt voru: Kolbrún Þ. Pálsdóttir (ritaði fundargerð), Ingvar Sigurgeirsson, Sólveig Jakobsdóttir og Ómar Örn Magnússon.

Forföll boðuðu Birna M. Svanbjörnsdóttir, Guðlaug Erlendsdóttir og Oddný Sturludóttir.

1. Hringborðsumræður á Menntakvikun. Ræddar hugmyndir að þátttakendum. Kolbrún tók að sér að hafa samband við fólk.
2. Aðalfundur stjórnar. Ákveðið að halda hann í nóvember, helst í tengslum við áhugaverðan viðburð eða skipuleggja fyrirlestur. Gæta þarf að skörun við aðra viðburði, ýmsar ráðstefnur í nóv. Stjórn ræðir dagsetningar og skipulag Aðalfundar á fb. Fulltrúar beðnir að leggja hausinn í bleyti varðandi áhugavert viðfangsefni tengt aðalfundi.
3. Félagsgjöld. Sólveig gjaldkeri upplýsir að félagið eigi ríflega 800.000 kr á reikning. Ákveðið að senda út félagsgjöld nú um mánaðarmótin sept/okt.
4. Önnur mál. Engin önnur mál voru tekin til umfjöllunar